

Kjósarhreppur
Sigurður H. Ólafsson
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 4. maí 2021
UST202104-075/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029- Eyrarkot

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingartillögu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 fyrir Eyrarkot.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að breyta landnotkun á hluta landbúnaðarsvæðis í landi Eyrarkots í verslunar- og þjónustusvæði fyrir fræðslu- og fuglaskoðunarskála til fuglaskoðunar og búsetu fræði- og eða listafólks til skemmri tíma, taka á móti skólahópum og jafnvel að starfrækja veitingasölu og reksturs tjaldsvæðis.

Einnig gengur breytingin út á að skilgreina frístundabyggð undir 5 lóðir og íbúðarbyggð fyrir 10 lóðir.

Auk þess verður heimilt á svæði OP6 að setja upp aðstöðu fyrir smábáta, þ.e. aðstöðu til sjósetningar báta, flotbryggjur og þjónustuhús og setja upp aðstöðu fyrir sjósundsiðkendur, þ.e. þjónustuhús með búningsklefum og sturtum.

Umhverfisstofnun telur skýringaruppdráttur vera til fyrirmyndar og upplýsandi.

Mat á umhverfisáhrifum


Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.07 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha, falli undir C flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur

